FUNDARGERÐ MENNTASVIÐS

Dags. og tími: Mánudagur 12. desember 2022

Efni fundar: Vinnuteymi um stúku við Kórinn
Fundarstjóri: Gunnar Guðmundsson
Fundarritari: Gunnar Guðmundsson
Þátttakendur: Smári Smárason og Gunnar Guðmundsson frá Kópavogsbæ, Einar H Tómason og Pétur Örn Magnússon frá HK

UMRÆÐUR OG ÁKVARÐANIR:

Kynning á fyrstu hugmyndum:

SS kynnti á fundinum teikningar sem hann hafði unnið út frá þeim hugmyndum sem fram komu á vinnufundi hópsins 10. nóvember síðastliðin.

Lagðar voru fram teikningar (Grunnmynd) af kjallara og bílageymslu, millihæð og kjallara, stúku VIP, aðkomuhæð ásamt sneiðingum. Einnig möguleg tenging yfir í Vallakór 8.

Ljóst er að töluvert magn af fermetrum kemst fyrir á þessum reit í tengslum við stúkubyggingu sem nýta má fyrir fjölþætta þjónustu. Í því samhengi var rætt um mikilvægi þess að Kórinn geti orðið að þjónustumiðstöð bæjarins fyrir íbúa í efri byggðum auk annarrar þjónustu sem rúmast í mannvirkinu (bæjarkjarni).
Einnig geta mörg rými nýst fyrir fjölþætta íþróttastarfsemi sem í dag eru í húsnæðisþörf.

Farið yfir næstu skref í vinnu hópsins. SS gerir módel af mannvirkinu fyrir næsta fund. Í framhaldinu getur hópurinn kynnt fyrir þeim er málið varðar hver staðan er og hvernig fyrstu hugmyndir líta út. Í framhaldinu yrði að taka ákvörðun um hvert stefna á með verkefnið. Rætt um forsendugreiningu og hver gæti mögulega séð um hana.

Gert er ráð fyrir 20 milljónum í verkefnið á fjárhagsáætlun 2023 sem er fyrst og fremst hugsað fyrir frekari undirbúning verkefnisins.

Verkefni fyrir næsta fund:

Verkefnalisti:	**ábyrgð:**	**Staða:**
SS gerir módel fyrir næsta fund.	SS	Í vinnslu
Rýmisþörf ýmissa íþróttagreina (Bogfimi, TKD, Hnefaleikar ofl.).	GG	Í vinnslu

Næsti fundur: Fimmtudaginn 12. janúar 2023 kl. 9:00.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026